



Iðnaðarráðuneyti  
Guðjón Axel Guðjónsson  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. júní 2008  
Tilvísun: 2008050003  
Bréfalykill: 50.4.3

### **Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhitarannsókna í landi Kópsvatns í Hrunamannahreppi**

Með bréfi dags. 30. apríl 2008 óskar iðnaðarráðuneytið umsagnar Orkustofnunar um erindi frá Hrunamannahreppi og Hitaveitu Flúða og nágrennis, sem varðar leyfi til rannsókna á jarðhita í landi Kópsvatns. Í gögnum umsækjanda kemur fram að ÍSOR hefur gert ítarlega yfirlitskönnun á jarðhita í Hrunamannahreppi.

Orkustofnun hafði samband við umsækjendur og óskaði eftir frekari upplýsingum (21. maí 2008). Óskað var eftir að gerð yrði nánari grein fyrir tilgangi, til hvaða rannsókna leyfið næði, landfræðilegri afmörkun, auk staðfestingar á samkomulagi við eigendur viðkomandi jarðar. Svar umsækjenda er dags. 26. maí, en skráð innkomið hjá stofnuninni 16. júní 2008. Markmið rannsókna er að kanna nánar vænlegt jarðhitasvæði m.t.t. til hefðbundinnar nýtingar á varma og ef kostur er einnig til raforkuvinnslu. Tilgangurinn er að efla og auka atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði þá sem fyrir er og ef laða megir að nýja starfsemi. Staðfest er að til rannsókna er stofnað í samráði við og með leyfi landeigenda, og verður að ætla af svari umsækjenda að rannsóknarsvæðið sé miðað við land Kópsvatns.

#### **Niðurstaða:**

Orkustofnun mælir með því að umbeðið leyfi til hefðbundinna jarðhitarannsókna verði veitt. Jafnframt verði kveðið á um að umsækjandi sendi árlega stutta greinargerð um framvindu þeirra ásamt viðeigandi skýrslum.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Valborg Steingrímisdóttir

